

Málskostnaður fellur niður.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lög-
birtingu hans.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1977.

Nr. 191/1977. **Hreppsnefnd Þverárhrepps f. h. hreppsins**
gegn

Benedikt Axelssyni
Elínborgu Ólafsdóttur
Jóni Kristjánssyni og
Margréti Björnsdóttur
vegna jarðarinnar Miðhóps
og til réttargæslu
Rannveigu Ingimundardóttur,
eiganda Þingeyrasels, og
oddvita Þorkelshólshrepps f. h. hreppsins.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Jón Ísberg sýslumaður í Húnavatnssýslu ásamt meðdómsmönnum Péttri Sigurðssyni hreppstjóra og Sveini Sveinssyni oddvita.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1977, sem barst Hæstarétti 28. október sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefndu, og þeir hafa engar kröfur gert.

Í héraðsstefnu segir, að kröfur sóknaraðilja séu, að viðurkennt verði með dómi, að „íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfenað um land jarðarinnar Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlið, og sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins . . .“. Ekki kemur glögglega fram, hvort hér er einungis átt við umferð um Miðhópsland, sbr. orðin „sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins . . .“. Er stefnan því ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í héraðsdómi segir, að girðing sú, sem við sögu kemur í málinu, hafi á sínum tíma verið gerð af eiganda Miðhóps, en hún hafi síðar verið afhent upprekstrarfélögum þriggja hreppa. Gögn málsins eru óljós um, hverjir eigi og hafi umráð girðingar þeirrar, sem hið umdeilda hlið er á. Er því ekki unnt að taka afstöðu til samaðildar varnarmegin í málinu. Veldur þessi vanreifun því ein sér, að dómur verður ekki lagður á málið.

Í héraði var lagt fram ágrip hæstaréttarmálsins nr. 193/1974. Í dómi Hæstaréttar í því máli 15. mars sl. var tekið fram, að athugavert væri, að af hálfu Þverárhrepps (sóknaraðilja í þessu máli) hefðu verið lögð fram mörg bréf og greinargerðir, sem geymdu skriflegan málflutning. Engu að síður voru öll þessi gögn lögð fram á ný í héraði í máli því, sem hér er til úrlausnar, og enn fremur greinargerðir lögmannna aðilja fyrir Hæstarétti í fyrra málinu. Var með því brotið gegn 105. gr. laga nr. 85/1936.

Af framanskráðu leiðir, að staðfesta ber hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til. Er brýnt, að vandað sé til undirbúnings dómsmáls um ágreiningsefni það, sem mál þetta snýst um, þar sem um er að ræða gamalt deiluefni, sem velkst hefur hjá lögreglu og dómstólum í mörg ár, án þess að efnisúrlausn fengist.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum 30.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, hreppsnefnd Þverárhrepps f. h. hreppsins, greiði varnaraðiljum, Benedikt Axelssyni, Elínborgu Ólafsdóttur, Jóni Kristjánssyni og Margrėti Björnsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Húnavatnssýslu 15. júlí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. júní sl., var höfðað fyrir áreiðar- og vettvangsdómi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 30. mars sl., af hreppsnefnd Þverárhrepps gegn Benedikt Axelssyni, bónda og eiganda háflendu jarðarinnar Miðhóps, og til réttargæslu eigendum hinnar háflendunnar, þeim Jóni Kristjánssyni og Margrėti Björnsdóttur, Köldukinn, eiganda Þingeyrasels, Rannveigu Ingimundardóttur, Víðimel 66, Reykjavík, svo og oddvita Þorkelshólshrepps. Við þingfestingu málsins varð samkomulag með aðiljum á þann veg, að kona Benedikts Axelssonar, Elínborg Ólafsdóttir, varð einnig beinn aðili málsins svo og hjónin Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, eða allir skráðir eigendur Miðhóps.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um land jarðarinnar Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlíð og sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins, Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur og loks Fremrihlíð. Enn fremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati og ákvörðun dómsins.

Varnaraðiljar gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Sátt var reynd með aðiljum, en án árangurs.

Málavextir eru sem nú skal greina:

Skömmu eftir síðustu aldamót keypti sveitarsjóður Þverárhrepps $\frac{1}{4}$ hluta í Haukagilsheiði, $\frac{1}{8}$ í Lambatungum og $\frac{1}{8}$ í Kornsártungum.

Fljótlega ráku einn og einn hreppsbúi hross sín þarna á afrétt, en almennt mun það ekki hafa orðið fyrr en rétt fyrir 1930. Þessir rekstrar munu hafa farið um Enniskot og austur fyrir Víðidalsfjall og fram Þingeyraselsland.

Land Þingeyrasels liggur vestan Gljúfurár, austan undir og í

Víðidalshlíð, næst fyrir framan Miðhópsland. Jörðin Miðhóp á land upp í fjallið og að austan fram að Hólagilslæk. Hrossarekstrar þessir urðu því að fara um Miðhópsland.

Fyrir alllöngu girti þáverandi eigandi Miðhóps úr Hólagilslæk og niður í Gljúfurá. Mun höfuðástæðan hafa verið ágangur búfjár, er líða tók á sumarið. Á þessa girðingu var sett hlið, en um umferðarrétt um hlið þetta snýst þetta mál og þá um leið um umferðarrétt um Miðhópsland. Um það bil 100—120 ha af Miðhópslandi eru framan umræddrar girðingar.

Þessi girðing hefur fyrir mörgum árum verið afhent upprekstrarfélögum Ás- og Sveinsstaðahreppa og Þorkelshólshrepps, og standa þau straum af viðhaldskostnaði.

Deilur hófust þegar milli 1930 og 1940 um þessa rekstrarleið og náðu hámarki, er fúgetaréttur Húnavatnssýslu synjaði um opnun Miðhópshlíðs með úrskurði 9. júlí 1945, en því hafði verið læst með lás. Þessum úrskurði áfrýjaði fulltrúi Þverhreppinga, en mótaðiljar í því máli voru hreppsnefnd Þorkelshólshrepps og eigandi Miðhóps.

Endalok þess máls urðu þau, að hæstaréttarstefna, sem út hafði verið gefin, var dregin til baka, er samkomulag náðist milli oddvita Þorkelshólshrepps og fulltrúa Þverárhrepps um þessa rekstrarleið, og gildi sá samningur í 10 ár. Þegar honum hafði verið sagt upp, hófust deilurnar á ný.

Árið 1962 kæra oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa nokkra Þverhreppinga fyrir að reka þessa leið og telja það brot á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, en þar eru ákvæði um, að fjallskilastjórnir geti ákvarðað rekstrarleið búpenings á afrétt, og þá gengið út frá því, að Þingeyraselsland sé í Austur-Húnavatnssýslu, eða a. m. k. það land falli undir gildissvið fjallskilareglugerðarinnar. Þetta mál var tekið fyrir í sakadómi og sent ríkissaksóknara, en hann taldi ekki þörf frekari aðgerða, og málið féll þar með niður.

Nú dró ekki til stórtíðinda næsta áratuginn, en upp úr 1971 hófst sama sagan á ný. Nú stóðu að þessum aðgerðum hreppsnefndir allra þriggja hreppanna, Ás- og Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa. Þau átök enduðu á þann veg, að fúgetaréttur synjaði um opnun Miðhópshlíðs með úrskurði 13. ágúst 1974. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem úrskurður fúgetaréttar hlaut þá staðfestingu, að ekki væri slík nauðsyn til skjótrar opunar hliðsins, að eigi mætti biða álits áreiðar- og vettvangsdóms, sem um slík mál ætti að fjalla. Þess vegna er mál þetta höfðað.

Aðalkrafa stefnenda er, að rekstrarleiðin fram austan Víðidalshalls um Miðhóps- og Þingeyraselsland verði viðurkennd sem alfaraleið, sem ekki sé hægt að loka, en aðalrök þeirra aðilja, sem mótmælt hafa, eru, að slíkir rekstrar styggi fé og þvæli lömb undan, svo og vilja upprekstrarfélög Ás- og Sveinsstaðahreppa fylgjast með tölu þeirra hrossa, sem rekin eru, en fjöldi þeirra var ákveðinn 1940, en þá var gerð ítalá í þessi lönd, sem Þverhreppingar reka í.

Án þess að taka að svo komnu máli afstöðu til þess, hvort hér sé um alfaraleið að ræða eða ekki eða hvort Þverhreppingar hafi unnið hefð á þessari leið, þá vekur dómur athygli á, að því aðeins er sett hlið á girðingar, að um þau þurfi að fara. Ef loka á slíku hliði, þarf því að gæta ákvæða girðingarlaga og vegalaga. Samkvæmt ákvæðum vegalaga verður sá, sem loka vill hliði eða girða yfir veg eða stíg, að fá leyfi viðkomandi sveitarstjórnar, en leyfi hennar eða synjun er hægt að áfrýja til vegamálastjóra.

Í þessu máli hefur þessa ekki verið gætt. Stefndi Benedikt Axelsson hefur ótvírætt látið í ljós vilja sinn að loka hliðinu, en eigendur hálfendunnar, stefndu Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, hafa ekki tjáð sig um þetta atriði. Þá lýsir oddviti Þorkelshólshrepps því yfir í bréfi til oddvita Þverárhrepps, dags. 6. nóv. 1974, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hafi enga samþykkt gert um lokun Miðhópsfliðs, en bendir hins vegar á, að á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa 1971 hafi verið samþykkt að læsa hliðinu. Hér verður ekki lagður dómur á bindandi gildi samþykktar þessara þriggja hreppa, en aðeins bent á, að oddviti Þorkelshólshrepps virðist líta svo á, að það hafi ekki verið bindandi samþykkt fyrir hreppsnefnd hans.

Vegamálastjóri bendir á þetta í bréfi sínu til lögmanns stefnanda, dags. 21. jan. 1976, að ekki sé unnt að taka afstöðu til deilunnar, vegna þess að fyrir liggi ekki ákveðin afstaða hreppsnefndar Þorkelshólshrepps.

Þá hefur hreppsnefndum Ás- og Sveinsstaðahreppa ekki verið stefnt sem aðiljum. Nú hafa þær haldið því fram, að Þingeyraselsland sé í Austur-Húnavatnssýslu, eða a. m. k. að fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu gildi þar og því hafi þær vald til þess að ákveða rekstrarleið um landið.

Án þess að taka efnislega afstöðu um þetta atriði bendir dómurinn á, að þessar hreppsnefndir hafa verið einna skelleggastar í að hindra umferð um þetta land og Þverhreppingum því engu minni

nauðsyn að fá efnisdóm um rétt sinn, ef til er, til yfirferðar um Þingeyraselsland en Miðhópsland.

Að vísu var eiganda Þingeyraselslands stefnt, en hún lætur málið afskiptalaust, enda hefur afnotum af þessu landi verið hag- að sem og hverju öðru afréttarlandi síðustu áratugina.

Af framanrituðu sést, að allmikið vantar á, að málið hafi fengið þann undirbúning, að hægt sé að kveða upp efnisdóm í því. Verður því að vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1977.

Nr. 32/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Ómari Ægissyni og

Kristjáni Árnasyni

(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Nyttjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Atferli beggja hinna ákærðu, það er þeir eru sakaðir um í ákæruskjali 16. október 1975, er réttilega fært til refsí- ákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Í úrlausn héraðsdómara um háttsemi ákærða Ómars, þá er ákæruskjal 24. nóvember s. á.